GILDI lífeyrissjóður

# Fréttabréf

1. TBL. 2. ÁRG. APRÍL 2006

Fyrsta ársuppgjör Gildis-lífeyrissjóðs:

# 17,8% raunávöxtun

**Árið 2005 var fyrsta rekstrarár Gildis-lífeyrissjóðs. Ekki er hægt að segja annað en að sjóðurinn fari vel af stað. Ávöxtun ársins 2005 var hærri en sjóðirnir sem sameinuðust í Gildi höfðu náð áður. Raunávöxtun Gildis var 17,8% á árinu 2005 eða 22,6% nafnávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár er 8,6%, en gert er ráð fyrir 3,5% langtímaávöxtun í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða.**

Þessa góðu ávöxtun á nýliðnu ári má rekja til fjárfestingarstefnu sjóðsins og hagstæðra skilyrða á verðbréfamörkuðum, sérstaklega innanlands. Innlend hlutabréf sjóðsins hækkuðu um 72% á meðan Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 65%, en vægi innlendra hlutabréfa í eignasafni sjóðsins jókst á árinu. Skuldabréf sjóðsins gáfu 5,3% raunávöxtun. Ávöxtun á erlendum hlutabréfum sjóðsins var ágæt á árinu eða 16% í íslenskum krónum, en til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um 12,2%. Auk þess gerði sjóðurinn framvirka samninga á árinu til þess að verjast gengistapi eigna í erlendri mynt og skiluðu samningarnir umtalsverðum tekjum.

Fjárfestingartekjur námu samtals 33,3 milljörðum króna og hækkuðu um 9,6 milljarða króna á milli ára. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 181,3 milljarðar króna í árslok 2005 og hækkaði hún um 35,6 milljarða frá fyrra ári eða 24,3%. Eignaskiptingin var með eftirfarandi hætti í árslok 2005: 53% voru í innlendum skuldabréfum, 25% í innlendum hlutabréfum og 22% í erlendum verðbréfum.

Á árinu greiddu 3.933 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð 6,6 milljarða króna fyrir 38.951 sjóðfélaga. Sjóðfélagar í árslok 2005 voru samtals 164.135. Lífeyrisgreiðslur námu 4,1 milljarði króna og heildarfjöldi þeirra sem fékk greiddan lífeyri á árinu var 13.629.



*Dyrfjöll.* *Mynd: Eitt stopp/Hreinn Magnússon.*

# Tillaga um 7% aukningu réttinda

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs hefur að fengnu áliti tryggingafræðings sjóðsins ákveðið að gera á ársfundi sjóðsins 26. apríl 2006 tillögu um 7% aukningu áunninna réttinda, en kostnaður af því er áætlaður 10,5 milljarðar króna. Sjóðurinn á því eftir hækkun um 18,4 milljarða króna eða sem svarar 6,7% umfram heildarskuldbindingar og er staða hans því mjög traust. Sjóðstjórn telur hins vegar óvarlegt að ganga lengra að sinni í aukningu réttinda, einkum vegna mikillar óvissu um þróun á tryggingafræðilegum forsendum í starfsemi sjóðsins vegna hækkandi lífaldurs og mikillar örorkubyrði. Þá er nokkur óvissa um það hver kostnaður sjóðsins verður af hinu blandaða ávinnslukerfi sem sjóðurinn innleiddi.

# Ársfundur 26. apríl

**Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs 2006 verður haldinn miðvikudaginn 26. apríl á Grand Hótel, Reykjavík, og hefst hann kl. 17.00. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og lífeyrisþegum og hafa þeir tillögurétt og málfrelsi. Atkvæðisrétt hafa fulltrúar tilnefndir af samtökum launamanna og atvinnurekenda. Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á fundinum þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.**

Auk hefðbundinna ársfundarstarfa verða á fundinum lagðar fram tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins og tillaga um hækkun áunninna réttinda, sem gerð er grein fyrir annars staðar í fréttabréfinu.

# Samið um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóðanna

**Í nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu í tengslum við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins þar sem stjórnvöld lýsa sig reiðubúin til samstarfs við ASÍ og SA um leiðir sem auk aðgerða á vettvangi lífeyrissjóðanna sjálfra draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðuna milli einstakra sjóða. Til að vinna að framgangi þessa máls hefur forsætisráðherra skipað nefnd fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða.**

Verkefni nefndarinnar er meðal annars að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar þar sem fyrst og fremst verði horft til getu einstaklinga til að afla sér tekna. Einnig fjalli nefndin um leiðir til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fest rætur á vinnumarkaði eða þurft að hverfa af vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku. Jafnframt verði kerfið gert einfaldara og skilvirkara og tryggð betri yfirsýn yfir þau úrræði sem eru í boði hverju sinni.

Ríkisstjórnin lýsir því jafnframt yfir að hún sé reiðubúin að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningsviði ASÍ og SA með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldsstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila og sem komi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009.



*Hvannadalshnjúkur.* *Mynd: Eitt stopp/Hreinn Magnússon.*

## Samkomulag ASÍ og SA vegna breytingar í aldurstengt kerfi

**Þann 31. október 2005 gerðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með sér samkomulag um tilhögun réttinda við breytingar á réttindaávinnslu yfir í aldurstengd réttindi.**

Megininntak þessa samkomulags er að tryggja þeim einstaklingum sem skipta um starfsvettvang, þannig að þeir færist milli starfstengdra lífeyrissjóða, rétt til þess að greiða áfram iðgjöld til þess sjóðs sem viðkomandi var í ef hann stendur frammi fyrir því að glata umtalsverðum réttindum við að færast til sjóðs sem veitir honum einungis aldurstengd réttindi.

Samkomulag þetta getur haft verulega þýðingu fyrir sjóðfélaga í Gildi-lífeyrissjóði ef þeir breyta um starf og eiga að greiða í aldurstengdan sjóð sem ekki veitir þeim rétt til jafnrar ávinnslu, því með samkomulagi þessu skapast möguleikar á að vera áfram í Gildi.

# Tryggingafræðileg úttekt

**Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2005 var unnin af Talnakönnun hf. Úttektin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.**

Meðfylgjandi tafla sýnir niðurstöðu úttektarinnar. Til samanburðar er sýnd samantekin niðurstaða úttekta á Lífeyrissjóði sjómanna og Lífeyrissjóðnum Framsýn sem miðast við árslok 2004 og réttindareglur Gildis. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

| | 2005 | | 2004 | |
|---|---|---|---|---|
| Áfallin staða | | | | |
| Eignir | 184.780 | | 150.783 | |
| Áfallin skuldbinding | 152.603 | | 134.762 | |
| **Staða** | 32.077 | + 21,0% | 16.021 | + 11,9% |
| Heildarstaða | | | | |
| Eignir | 292.723 | | 237.327 | |
| Heildarskuldbinding | 263.846 | | 231.261 | |
| **Staða** | 28.877 | + 10,9% | 6.066 | + 2,6% |

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 28,9 milljarða, eða 10,9%, og áfallin staða um 32,1 milljarð, eða 21,0%. Samkvæmt lögum má heildarstaða sjóðsins aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera verri eða betri en 5% samfellt í fimm ár. Staða sjóðsins er því betri en sá rammi sem lögin setja þar sem heildarstaðan er yfir 10% mörkunum og því er skylt samkvæmt lögum að auka réttindi sjóðfélaga.

# Ávöxtun lífeyrissjóða 2005

## - og meðalávöxtun sl. 5 ár

**Ávöxtun Gildis-lífeyrissjóðs var mjög góð á síðasta ári og ávöxtun forvera Gildis, Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna, hefur undanfarin ár verið mjög góð í samanburði við aðra lífeyrissjóði eins og sjá má í meðfylgjandi töflu sem sýnir ávöxtun þeirra lífeyrissjóða sem birt höfðu niðurstöðutölur ársins 2005 þegar fréttabréfið fór í prentun.**

| | Raunávöxtun 2005: | Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár: |
|---|---|---|
| **Gildi-lífeyrissjóður** | **17,8%** | **8,6%*** |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 17,6% | 5,9% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 16,1% | 7,0% |
| Lífeyrissjóður Norðurlands | 14,0% | — |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 13,3% | 6,9% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 12,0% | 2,3% |
| Lífeyrissjóður verkfræðinga | 10,8% | 1,8% |
| Lífeyrissjóður Vesturlands | 10,2% | 5,8% |

* Vegið meðaltal ávöxtunar Lsj. Framsýnar og Lsj. sjómanna.

# Taka ellilífeyris

**Almennur ellilífeyrisaldur hjá Gildi-lífeyrissjóði er 67 ár. Hægt er að hefja töku ellilífeyris frá 62 ára aldri og lækkar þá upphæð lífeyris fyrir hvern mánuð sem töku hans er flýtt fyrir 67 ára aldur og er sú lækkun varanleg.**

Almennur ellilífeyrisaldur vegna réttinda sem áunnin voru hjá Lífeyrissjóði sjómanna fyrir stofnun Gildis þann 1. júní 2005 er 65 ár. Hægt er að hefja töku lífeyris vegna þeirra réttinda frá 60 ára aldri með lækkun sem er varanleg.

Lífeyrir er ekki úrskurðaður lengra aftur í tímann en tvö ár talið frá þeim mánuði sem umsókn berst sjóðnum. Frá 1. janúar 2007 er ellilífeyrir ekki greiddur aftur í tímann ef taka hefst fyrir almennan ellilífeyrisaldur.



*Horft til Heklu.* *Mynd: Eitt stopp/Hreinn Magnússon.*

# Samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu á iðgjaldagreiðslum

**Frá því að Gildi-lífeyrissjóður hóf starfsemi sína 1. júní 2005 og tók upp nýtt réttindakerfi hafa nokkrir aðrir lífeyrissjóðir fylgt í kjölfarið og tekið upp sama kerfi. Með tilkomu þessa aldurstengda réttindakerfis sem veitir eldri sjóðfélögum rétt til jafnrar ávinnslu réttinda í hliðstæðum mæli og áður var, hefur fundist réttlát lausn á tilflutningi milli réttindakerfa.**

Þeir lífeyrissjóðir sem hafa tekið upp fyrrgreinda leið eru auk Gildis-lífeyrissjóðs, Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður Suðurlands, Lífeyrissjóður verslunarmanna Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Lífeyrissjóður Vesturlands og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.

Ofangreindir lífeyrissjóðir hafa nú gert með sér „Samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu á iðgjaldagreiðslum við ákvörðun réttar til jafnrar ávinnslu lífeyrisréttinda". Markmið samkomulagsins er að tryggja að réttur til jafnrar ávinnslu réttinda falli ekki niður eða skerðist þótt iðgjöld á viðmiðunarári hafi verið greidd til fleiri en eins lífeyrissjóðs og sé óháður því til hvers af ofangreindum lífeyrissjóðum iðgjöld eru síðan greidd. Við gerð þessa samkomulags þarf að endurútreikna áður útreiknað viðmiðunariðgjald þeirra sjóðfélaga sem réttindi eiga í fleiri en einum sjóði. Fyrirhugað er að útreikningar þessir verði gerðir í apríl 2006.



*Ljótipollur á Landmannaafrétti.* *Mynd: Eitt stopp/Hreinn Magnússon.*

# Gildi valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi

**Gildi-lífeyrissjóður var kosinn besti lífeyrissjóður á Íslandi árið 2005 af tímaritinu Investment & Pensions Europe (IPE). Verðlaunin voru veitt 1. desember sl. á árlegri verðlaunahátíð IPE sem haldin var í Berlín. Verðlaun þessi hafa verið veitt undanfarin 5 ár í Evrópu, en Ísland var með í fyrsta skipti á þessu ári. Blaðið hefur verðlaunað lífeyrissjóði sem hafa þótt skara framúr í sínu heimalandi eða í Evrópu.**

Gildi hlaut verðlaunin m.a. fyrir eignastýringu og fram kemur í umfjöllun IPE að Gildi hafi sýnt framúrskarandi ávöxtun á árinu 2005 og undanfarin ár (forverar Gildis, Lífeyrissjóður sjómanna og Lífeyrissjóðurinn Framsýn).

Uppbygging verðbréfasafna hjá Gildi-lífeyrissjóði byggist á vali á fjárfestingarstefnu til lengri tíma þar sem m.a. er höfð til hliðsjónar aldurssamsetning sjóðfélaga, tryggingafræðileg staða og framtíðarsjóðstreymi. Einnig er tekið tillit til þróunar skuldbindinga sjóðsins og jafnvægis milli eigna og skuldbindinga hans. Sem hluta af stefnumótandi ákvörðun hefur Gildi notað gjaldeyrisvarnir í þeim tilgangi að verja erlenda eignastöðu sjóðsins fyrir gengistapi. Gildi var meðal fyrstu lífeyrissjóða til þess að nota gjaldeyrisvarnir í uppbyggingu verðbréfasafna. Það hefur haft í för með sér betri ávöxtun og minni sveiflur.



Þá er Gildi ennfremur frumkvöðull í því að innleiða nýtt aldurstengt réttindakerfi sem margir aðrir sjóðir hafa tekið upp eða eru að taka upp á næstunni. Nýja kerfið byggir á því að taka upp aldurstengda ávinnslu réttinda í stað jafnrar og að tengja saman þessi tvö mismunandi kerfi til þess að gæta hagsmuna þeirra sjóðfélaga sem greitt hafa í jafnávinnslukerfi framan af starfsævi.

*Verðlaunagripurinn sem fylgdi útnefningu Investment & Pensions Europe á besta lífeyrissjóðnum á Íslandi.*

Séreignarsparnaður:

## Hvenær er hagkvæmast að taka sparnaðinn út?

**Það ætti að vera sjálfsagður hlutur hjá hverjum launþega að leggja fyrir í séreignarsjóð og fá á móti framlag frá launagreiðanda. Séreignarsparnaður er hagstæðasta sparnaðarform sem völ er á, en mikilvægt er að sjóðfélagar geri sér grein fyrir þeim reglum sem gilda varðandi útgreiðslu sparnaðarins.**

Meginreglan er sú að rétthafi getur hafið úttekt á séreignarsparnaði sínum þegar hann hefur náð 60 ára aldri, en þó ekki fyrr en 2 árum eftir fyrstu innborgun. Innistæðan er greidd út með jöfnum greiðslum á árunum fram að 67 ára aldri. Ef hins vegar innistæðan er undir ákveðnu lágmarki, sem í dag er um 725.000 kr., er heimilt að dreifa útborguninni á skemmri tíma. Ákveðið samspil er á milli tekna fólks og lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun. Greiðslur úr séreignarsjóði hafa áhrif til skerðingar á tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilisuppbót, en skerða ekki grunnlífeyri. Þegar þannig háttar er hagkvæmast að taka sparnaðinn út fyrir töku lífeyris hjá Tryggingastofnun við 67 ára aldur.

**Ábyrgðarmaður:** Árni Guðmundsson. **Útgefandi:** Gildi - lífeyrissjóður · Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 515 4700 · Fax 515 4701 · www.gildi.is · gildi@gildi.is. **Umsjón:** Athygli ehf. **Prentun:** Gutenberg ehf.